

REGLUGJÖRÐ

fyrir

61

7. oktbr.

veðdeild Landsbankans í Reykjavík um útgáfu á 7. flokki (seriu) bankavaxta-brjefa samkvæmt lögum nr. 26, 15. júní 1926, um útgáfu nýrra flokka (seria) bankavaxtabrjefa, og lögum nr. 21, 31. maí 1927 um breyting á og viðauka við þau lög.

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabíl gegn veði í fasteignum og gegn tryggingu í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.

Fyrstu 4 árin eftir að veðdeildarflokkur er settur á stofn, samkvæmt lögum þessum, veitist tillag til hinna nýju flokka veðdeildarinnar úr ríkissjóði 8000 kr. á ári, og skiftist tillag þetta hlutfallslega jafnt milli veðdeildarflokkanna eftir stærð þeirra.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef) sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 7. flokkur (seria) bankavaxtabrjefa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 4 miljónum króna. Upphæð bankavaxtabrjefanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu brjefin samin eftir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabrjefunum skal vera útdráttur úr reglugjörð þessari að minsta kosti á íslensku og dönsku. Upphæðir þeirra skulu vera 5000, 1000, 500 og 100 kr. og skal hver flokkur hafa sjerstakt bókstafseinkenni, og hvert vaxtabrjef vera tölusett. Telja má upphæðir bankavaxtabrjefanna einnig í útlendri mynt samhliða íslensku krónumyntinni. Ásamt bankavaxtabrjefunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 20 ára að minsta kosti, og þegar hinn síðasti liður þeirra er fallinn í gjalddaga og innleystur, skal gefa út nýjan stofn með vaxtamiðum jafnframt og hinum eldra stofni er skilað aftur.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en sem nemur fjárlæð þeirri, er veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum, skal trygging fyrir honum vera:

- 1) Varasjóður veðdeildarflokksins.
- 2) Sameiginleg (solidarísk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10% (sbr. 9. gr.).
- 3) Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

61

7. oktbr. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

5. gr.

Af bankavaxtabrjefunum skal á ári hverju svara í vöxtu 5% er greiðist tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, með helmingi upphæðar í hvort skifti, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir við Landsbankann í Reykjavík, og við þá banka erlendis, er bankastjórnin ákveður og auglýsir með 3 mánaða fyrirvara í Lögbirtingablaðinu, í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð. Sömuleiðis skulu vaxtamiðarnir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

6. gr.

Veðdeildarflokkurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hann rjett til að fá ókeypis eign- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

7. gr.

Fje veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ⅔ af virðingarverði fasteignarinnar.

Þegar veðdeildarflokkurinn tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin sjer og jörðina sjer í lagi. Öll önnur hús skal einnig virða sjerstaklega og þau vátrygð, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

Heimilt er Landsbankanum, á kostnað lántakenda, að annast vátryggingu á húsum utan Reykjavíkur, sem veðsett eru veðdeildarflokknum að svo miklu leyti, sem hús í sveitum eru eigi í innlendri brunaábyrgð, sem bankastjórnin tekur gilda.

Ef veitt eru bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán gegn veði í eignum og tekjum þeirra, þarf samþykki atvinnuáráðherra til lánveitingarinnar.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn, dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn Landsbankans, þegar henni eftir atvikum finst ástæða til þess, sjálf

nefnt til menn þá, er virða skulu. Ennfremur getur hún krafist þess, að hrepps- **61**
nefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignirnar skal meta ^{7. oktbr.}
til þess verðs, sem þær eftir bestu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og
sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru
skattar eða afgjöld. Í virðingargjörðunum skal eignunum ítarlega og greini-
lega lýst. Sje það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi
henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni
kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram alt það, er lýtur að ásigkomulagi
jarðarinnar í heild sinni, og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygg-
inga á jörðinni sje varið og önnur sjerstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á
verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemdum af vatnagangi,
sjávargangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæm-
lega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi
í henni eru, telja til alt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járn-
eldstór o. fl., efni það er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti
sem unt er gæði þess og ennfremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum
skal í virðingargjörðinni tekið fram, hve stór lóð sú sje, er húseigninni fylgir,
og hvernig ásigkomulag hennar sje.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum skal kaupverðs hennar getið.

Lántakandi skal að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið
stendur sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því að veðið hafi
ekki rýrnað í verði svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin.
Láti lántakandi farast fyrir að senda stjórn Landsbankans þetta skirteini, má
hún láta skoðunargjörð af innanhjeraðsmönnum fara fram á kostnað lán-
takanda.

9. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum,
ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokks þessa,
þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalldaga, áður
en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka hvenær sem varasjóður
flokksins eigi nægir til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðs-
ábyrgðarinnar skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins auka-
gjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, alt að 10%, til að bæta skaðann. Niður-
jöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir
ákvörðun stjórnar Landsbankans má skifta greiðslu þessari niður á fleiri en
eitt ár.

Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbinding-
um veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta þegar hagar flokksins
leyfir það.

10. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán, sem veðdeildarflokkur-
inn veitir skal vera 300 krónur, og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

- 61** Lánstíminn má vera alt að 40 árum sje veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús,
 7. oktbr. eða steinhús og alt að 30 árum sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjar-,
 sýslu- eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

11. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxta-
 örjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að krefjast,
 að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga endurgjalds-
 laust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir
 og verðfall. Veðdeildarflokkurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í
 peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir bankavaxtabrjefin,
 eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má
 um sölu bankavaxtabrjefa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda
 samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að
 fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

- a. Útvega virðingargjörð samkvæmt því, sem segir í 8. gr.
- b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmála-
 bókunum, um hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíli á eigninni,
 og hver þau sjeu, svo það sjáist að þau sjeu eigi því til fyrirstöðu, að
 eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrjetti.
- c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum
 hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða
 sje það eigi unt, þá vottorð hans um að eignin sje vitanlega eign hans.
- d. Sje að ræða um lán hrepps-, sýslu- eða bæjarfjelaga, skal leggja fram sam-
 þykki hlutaðeigandi stjórnarvalda til lántökunnar, og skýrslu um efnahag
 þeirra (fjárhagsreikning).
- e. Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið sam-
 þykkt að taka lánið og sje útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
- f. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalds um, hverjir sjeu í sveitarstjórn, sýslunefnd
 eða bæjarstjórn þeirri, er leitar lánsins.

13. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins.
 Heimilt er lántakanda að greiða lántökugjaldið í tvennu eða fernu lagi, eftir
 því, er um semst við bankastjórnina. Sje lán endurborgað að öllu leyti áður
 en lántökugjaldið er að fullu greitt ber að greiða eftirstöðvar lántökugjaldsins
 um leið og lánið er endurgreitt.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildarflokknum, skal
 kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið bergað **61**
aftur að öllu eða nokkru leyti. 7. oktbr.

14. gr.

Vilji einhver, sem keypt hefir veð, taka að sjer skuld við veðdeildarflokkinn, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi eigandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir Landsbankastjórninni og taka lánið að sjer.

15. gr.

Lánnum þeim, er veðdeildarflokkurinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist.

En þá er bankastjórninni heimilt, að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánskilmálanna, t. d.:

- Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd á rjettum gjalddaga.
- Ef veðið gengur svo úr sjer, að það eigi lengur er svo tryggjandi, sem vera skal.
- Ef skuldunautur heldur eigi váttrygðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda veðdeildinni kvittun hlutaðeigandi váttryggingarfjelags fyrir iðgjaldinu í tæka tíð.
- Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka að sjer lán.

16. gr.

Skuldunautar veðdeildarflokksins skulu 1.—14. október ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Sjerhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal teljast veitt á næst undanförunum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til stjórnarkostnaðar og varasjóðs þó aðeins takast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er tekið í, til næsta gjalddaga (1. oktbr.).

Tillag til stjórnarkostnaðar og varasjóðs er $\frac{1}{2}$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, vextirnir eru 5 af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma.

17. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standa á hundrað krónum eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslur þessar má hann lúka með bankavaxta-brjefum 7. veðdeildarflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Lögmetar skulu greiðslur þessar teljast, sjeu þær komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. október. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

61

7. oktbr.

18. gr.
Sjerhver skuldunautur, sem eigi hefir innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. október til borgunardags, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

19. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabrjef þau, er veðdeildarflokkurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með, og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherrann til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsinguna skal birta þrisvar í blöðum þeim og ritum, er 5. gr. ræðir um. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef flokksins í stærri stíl en hjer segir.

20. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum upp frá því. Útborgun fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 5. gr.

21. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarflokksins, sje þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

22. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búíð kröfu á hendur veðdeildarflokknun.

Um ógilding annara glataðra bankavaxtabrjefa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

23. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki frammar setja í veltu, heldur

skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu veð- 7. oktbr. 61 deildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innlestir hafa verið það reikningsár.

24. gr.

Hljóti veðdeildarflokkurinn að taka að sjer veð, og hafi það eigi selst innan árs frá því hann tók það að sjer, skal á fyrsta árlega gjalddaga næst eftir draga inn og ónýta jafnmikla upphæð bankavaxtabrjefa þeirra, er veðdeildarflokkurinn hefir gefið út. Heimilt er þó að jafna inndrætti þessum á 2 eða 3 ár. Síðan á varasjóðurinn eignina.

25. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga (sbr. 15. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildarflokknum út til eignar, ef þörf er á.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því að skuldin sje rjett, og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

26. gr.

Fje ómyndugra manna, og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarflokksins, en þó eigi herra verði en skráðu gangverði og aldrei herra en ákvæðisverð þeirra er.

27. gr.

Veðdeildarflokknum skal stjórnað af stjórn Landsbankans. Ákvæði þau, sem sett eru í lögum nr. 14, 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 28. og 30. gr., lögum nr. 2, 12. janúar 1900 um breyting á þeim lögum 3. gr. 1. málsgrein og lögum nr. 55, 28. nóvbr. 1919, um breyting á sömu lögum, skulu einnig gilda um veðdeildarflokkinn, stjórn hans, endurskoðendur og reikningsskil.

Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar, má greiða alt að 8000 kr. á ári fyrir flokkana, og til endurskoðenda má verja 500 krónum til hvors á ári.

61

7. oktbr.

Endurskoðunarmenn Landsbankans skulu hafa vakandi auga á, að veðdeildinni sje stjórnað samkvæmt ákvæðum þeim, sem sett eru fyrir henni, og skulu þeir því einkum gefa gaum að því, sem hjer segir: Þeir skulu hafa gætur á, að aldrei sje í veltu bankavaxtabrjef, er nemi stærri upphæð samtals en heimilað er með 2. og 19. gr.; þeim ber að yfirfara skjöl hvers láns, sem veitt er, til þess að sjá um, að haldin sjeu ákvæði þau, er sett eru fyrir útláni; þeir skulu hafa stöðugt eftirlit með því, að bankavaxtabrjef þau, er ræðir um í 23. gr. sjeu þannig ónýtt, að ekki sje framar hægt að setja bankavaxtabrjefið eða vaxtamiða þess í veltu; þeir skulu að lokum, að minsta kosti einu sinni á ári, sannreyna, að heimafje veðdeildarinnar og veðskuldarbrjef m. m. sjeu fyrir hendi.

29. gr.

Sjerstakan reikning skal halda yfir 7. flokk bankavaxtabrjefanna, enda sje þeim til tryggingar sjerstakur varasjóður og skulu í hann renna tekjur veðdeildarflokksins.

30. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóður milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

31. gr.

Veðdeildin tekur að sjer að gefa út bankavaxtabrjef 7. flokks.

32. gr.

Ákvæði þessarar reglugjörðar snerta að engu leyti reglugjörðir þær fyrir veðdeild Landsbankans, sem staðfestar voru 15. júní 1900, 21. apríl 1903, 5. júlí 1905, 1. apríl 1906, 20. október 1909, 7. maí 1914, 20. júlí og 15. október 1926, nje heldur bankavaxtabrjef þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Stjórn Landsbankans í Reykjavík, 6. október 1927.

Georg Ólafsson. Magnús Sigurðsson. L. Kaaber.

Framanrituð reglugjörð staðfestist hjer með.

Fjármálaráðuneytið, 7. október 1927.

Magnús J. Kristjánsson.

Gísli Ísleifsson.